

Ytra mat grunnskóla

# Hlíðarskóli

Febrúar 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarbæ.

Höfundar: Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun 2020

ISBN 978-9979-0-2474-3

## Innihald

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	6
Upplýsingar um Hlíðarskóla.....	7
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	8
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	8
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	8
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	8
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	9
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	9
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	9
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	11
2.1 Inntak og námskrá .....	11
2.2 Árangur náms .....	11
2.3 Gæði kennslu .....	12
2.4 Skipulag náms.....	13
2.5 Námsvitund .....	14
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	14
Þáttur 3 – Innra mat .....	16
3.1 Skipulag.....	16
3.2 Framkvæmd.....	16
3.3 Umbætur .....	16

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Hlíðarskóla, Akureyri, sem fór fram í febrúar 2020. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Þáttur 1 – Stjórnun og forysta

#### Styrkleikar

- Mikið samstarf við foreldra er einkennandi fyrir skólastarfið.
- Foreldrar eru jákvæðir gagnvart skólanum.
- Starfsmannahópurinn er með fjölbreytta menntun og er meðvitaður um mikilvægi faglegrar þekkingar.
- Umhverfi skólans og náttúran skapa skólanum fjölbreytt tækifæri til útivistar og útikennslu.
- Skólastjóri lítur á sig sem faglegan leiðtoga starfsmanna og stuðningsaðila í starfi þeirra.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Hlíðarskóla og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Gott samstarf er milli starfsfólks, nemenda og foreldra.
- Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjóra og starfsfólks.
- Starfsmenn eru almennt sáttir við daglegt skipulag skólastarfsins.
- Kynjaskipting í starfsmannahópnum er nokkuð jöfn.
- Mannauður skólans er vel nýttur og starfsfólki finnst það njóta trausts og fá hrós fyrir sína vinnu.

#### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra skólanámskrá og birta á heimasíðu.
- Ljúka vinnu við símenntunaráætlun.
- Leita leiða til að uppfylla ákvæði laga og aðalnámskrár um samstarf skólans við foreldra í skólaráði og foreldrafélagi.
- Vinna áætlun um kynningu á skólanum og starfi hans fyrir kennara grunnskóla á Akureyri.
- Taka upp að nýju þau vinnubrögð sem lögð voru drög að með þróunarverkefninu „Flugið“.
- Upplýsingaflæði verði markvissara sem og skipulag vegna forfalla og forfallatilkynninga.
- Taka upp formleg og skráð starfsmannasamtöl.
- Efla faglega handleiðslu fyrir starfsfólk.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Í Hlíðarskóla er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda.
- Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er.
- Reglulega eru haldnir fundir með foreldrum, nemendum, umsjónarkennara og fjölskylduráðgjafa þar sem farið er yfir námsmarkmið, heilsumarkmið og félagsleg markmið sem sett hafa verið.
- Markvisst er fylgst með árangri og framförum nemenda í Hlíðarskóla og námsmat fjölbreytt.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Í vettvangsathugun var mikið um leiðbeinandi kennslu og blandaðar námsathafnir.
- Teymiskennsla og samvinna kennara við þroskaþjálfara og uppeldisfulltrúa var áberandi í vettvangsathugun.
- Skólinn er vel tækjum búinn er varðar upplýsingatæknikennslu (UT) og er hún mikið nýtt í kennslustundum.
- Samstarf er um verknám við gistiheimili sem staðsett er við hlið skólans.
- Nemendur Hlíðarskóla sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- Nemendur á unglingastigi eiga þess kost að sækja valgreinar í aðra skóla á Akureyri.
- Samskipti í Hlíðarskóla eru jákvæð og einkennast af virðingu.

### Tækifæri til umbóta

- Hafa námsvísa betur aðgengilega á vef skólans.
- Gera mætti grein fyrir matskvörðum í skólanámskrá og hafa hana aðgengilega á vef skólans.
- Halda reglulega bekkjarfundi í öllum námshópum.
- Gæta þarf þess að nemendur fái það val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.
- Hafa skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað almennt varðandi skólastarfið.

## Þáttur 3 – Innra mat

### Styrkleikar

- Í skólanum er þekking og reynsla af fjölþættu mati á innra starfi.
- Nemendur setja sér markmið í samvinnu við foreldra, fjölskylduráðgjafa og umsjónarkennara.
- Félagslega markmið nemenda, heilsumarkmið og námsmarkmið eru metin reglulega.

### Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matsteymi vegna innra mats og tryggja aðkomu hagsmunaaðila skólastarfsins t.d. með fulltrúa í matsteymi.
- Vinna þarf sjálfsmatsáætlun til næstu ára og birta í skólanámskrá.
- Meta þarf markmið skólanámskrár og leiðir að markmiðum.
- Vinna áætlun um innra mat fyrir skólaárið og birta í starfsáætlun skólans.
- Vinna árlega umbótaáætlanir þar sem fram koma þau atriði sem þarfnast umbóta, hvenær á að vinna að þeim umbótum, hver ber ábyrgð á vinnunni og að hvaða árangri er stefnt. Þá þarf að tilgreina hvenær á að meta árangur umbóta og hver á að gera það.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Hlíðarskóla

Hlíðarskóli er sérskóli innan grunnskólakerfis Akureyrarbæjar fyrir börn með verulegan aðlögunarvanda, hegðunar- og tilfinningavandamál. Skólinn er tímabundið úrræði sem getur komið til þegar búið er að reyna önnur úrræði sem skólarnir hafa yfir að ráða. Algengt er að börn séu í 1-3 ár í Hlíðarskóla. Hlutverk skólans er einnig að veita grunnskólum á Akureyri fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóps skólans.

Hlíðarskóli var stofnaður 1982 og hét þá Bröttuhlíðarskóli. Hann var þá fyrir 6 nemendur og starfaði með svipuðu sniði allt til ársins 2000 þegar hann var fluttur í Varpholt í Hörgárbyggð og stækkaður. Þá var nafninu líka breytt í Hlíðarskóla og öflug fjölskylduvinna tekin upp sem hluti af starfinu. Nemendur koma í skólann með skólabíl. Önnur sveitafélög geta sótt um skólavist í Hlíðarskóla og ef til þess kemur kaupa þau plássið af Akureyrarbæ.

Einkunnarorð Hlíðarskóla eru „**þar sem við tökum flugið**“ og vísar til vanda og stöðu nemenda og þess umhverfis sem skólinn er í, en það er afbragðs gott fyrir þennan hóp, nóg rými, fjara, dýralíf og fjölskrúðugt fuglalíf.

Á vorönn 2020 eru 20 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	0	1	3	1	3	3	4	4	0	1
Fjöldi bekkjardeilda										
Samkennsluhópar-ef við á	2.-6. bekkur er saman í yngsta hópnum		3.-6. bekkur saman í næst yngsta hópnum		6.-8. bekkur saman í næst elsta hópnum			8.-10. bekkur saman í elsta hópnum		

Allir nemendur Hlíðarskóla eru með einstaklingsnámskrá. Einn nemandi er af erlendum uppruna. Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.		2 dagar	2 dagar	2 dagar	2 dagar	2 dagar	2 dagar	2 dagar	2 dagar	2 dagar

Starfsmenn Hlíðarskóla í fullu starfi eru 12. Það eru skólastjóri, einn fjölskylduráðgjafi, einn þroskþjálfari, sex kennarar, þar af einn leiðbeinandi sem er í kennaranámi, og þrír uppeldisfulltrúar (þeirra útgáfa af stuðningsfulltrúum). Auk þessa er skólahjúkrunarfræðingur í 5 % starfi.

# Niðurstöður

## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólanámskrá Hlíðarskóla nefnist Stefnumskrá og uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár. Hún er ekki birt á heimasíðu skólans. Sýn skólans eins og hún kemur fram í Stefnumskránni er „Jákvæð mannúðarafstaða til manneskjunnar almennt og tiltrú á getu hennar til breytinga og þróunar þar sem leitast skal við að byggja á styrk hvers og eins.“ Hlíðarskóli vinnur út frá því leiðarljósi að allir hafi það góða í sér og hæfileikann til að verða betri manneskjur. „Auk þess að veita nemendum sérhæft meðferðar- og sérkennsluúrræði, verður að vinna þétt og markvisst með foreldrum/forráðamönnum, sem ætíð vilja börnum sínum það besta og eru tilbúnir að leggja á sig það sem þarf, til að tryggja sem bestar aðstæður í lífi barnsins og að árangur haldist þegar skólavist í Hlíðarskóla er lokið.“

Starfsáætlun er að mestu samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er hún birt á heimasíðu skólans. Sérstaða skólans er augljós og kemur fram í áætlunum hans og starfi. Mikið samstarf við foreldra er einkennandi fyrir skólastarfið og einstaklingsmiðuð vinna með nemendum, en gerðar eru meðferðaráætlanir fyrir nemendum sem eru hluti af einstaklingsnámskrá þeirra.

Umhverfi skólans er gjöfult varðandi útivist og náttúruskoðun og kom fram í rýnihópum að bæði nemendur og starfsfólk kunna vel að meta það.

### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri leitast við að skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og ígrundun og fagleg samræða fer fram reglulega meðal starfsmanna. Skólastjóri lítur á sig sem faglegan leiðtoga starfsmanna og stuðningsaðila í starfi þeirra.

Skráð símenntunaráætlun liggur ekki fyrir en hefur verið í vinnslu. Gerðar eru kröfur um að starfsfólk hafi setið ákveðin námskeið og hafi tiltekna þekkingu til að geta starfað í Hlíðarskóla. Séð er til þess að niðurstöður varðandi framfarir og líðan nemenda séu nýttar til að efla starf skólans.

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Hlíðarskóla og fram kom í rýnihópum að starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Einnig að gott samstarf sé milli starfsfólks, nemenda og foreldra, skýrar reglur og eftirfylgni og traust milli allra. Áhersla er lögð á jákvæðan skólabrag og leiðir til að viðhalda honum.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Tengsl við foreldra nemenda í Hlíðarskóla eru bæði mikil og skipuleg. Foreldrar eiga mánaðarlega fundi með barni sínu, fjölskylduráðgjafa og umsjónarkennara þar sem farið er yfir hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og ný markmið sett fyrir næsta mánuð. Þess á milli eiga foreldrar fundi með skólanum um gengi nemandans þannig að foreldrar eru mikilvægir þátttakendur í ákvörðunum um þróun og skipulag skólastarfsins. Önnur og óformlegri samskipti eru einnig eftir því sem tilefni gefast til. Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með markmiðsetningu nemenda og það hve vel er haldið utanum bæði nemendum og foreldra.



Skólaráð er ekki starfandi við skólann né heldur foreldrafélag og byggir það á sérstöðu skólans og þeirri staðreynd að nemendur staldra jafnan stutt við í skólanum. Samskipti við grenndarsamfélagið er fábreytt og mótast af því að skólinn er í dreifbýli utan Akureyrar.

Frístundastarf er ekki við skólann en samstarf er um þátttöku nemenda í því starfi sem Akureyrarbær býður uppá. Einnig er reiknað með því að yngri nemendur hafi aðgang að frístund í sínum heimaskóla sem talið er mikilvægt m.t.t. útskriftar úr Hlíðarskóla og endurkomu þangað. Samstarf við aðra skóla og skólastig mótast af því að nemendur eru tímabundið í Hlíðarskóla og jafnan reiknað með því að þeir eigi afturkvæmt í „heimaskóla“. Samstarfið mótast því einnig af útskrift nemenda og eru gerðar áætlanir um aðlögun að móttökuskóla, eða skólaskil ef um framhaldskóla er að ræða.

Í rýnihópum komu fram áhyggjur af því að skólinn væri ekki rétt kynntur í grunnskólum Akureyrar og að fordómar væru til staðar. Mikilvægt var talið að skólaskrifstofa beitti sér fyrir kynningum á starfi og tilgangi skólans m.a. til að auðvelda nemendum endurkomu í hefðbundinn grunnskóla.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjóra og starfsfólks og niðurstöður nýttar til að bæta nám, samskipti og meðferð einstakra nemenda. Formlegar umbótaáætlanir liggja ekki fyrir nema þær sem tengjast einstaka nemendum. Fyrir nokkrum árum var unnið þróunarverkefni varðandi nám og valkerfi fyrir nemendur, Flugíð. Vegna veikinda starfsmanna og breytinga í starfsmannahópnum var Flugíð lagt til hliðar en nú sjá starfsmenn fram á að geta tekið þau vinnubrögð upp að nýju. Tíma virðist vanta, bæði hjá skólastjóra og starfsfólki, til að vinna að umbótaverkefnum umfram þau sem lúta beint að einstaka nemendum og foreldrum þeirra.

Fram kom hjá starfsfólki að í svo fámennum hópi gæti einn nemandi stundum haft mikil áhrif á skólabraginn og að þau þyrftu sífellt að vera viðbúin því að takast á við nýjar aðstæður. Jafnframt kom fram að því fylgdi mikil ánægja að sjá nemendur „sem aðrir voru búnir að gefast upp á, og sem voru sjálfir búnir að gefast upp á skólanum, eignast nýtt líf og taka framförum“.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Skólinn uppfyllir skilyrði um fjölda kennsludaga á skólaárinu. Mikil áhersla er lögð á öryggismál og fram kom að verið er að vinna að áhættumati varðandi myndavélakerfi í skólanum. Skólastjóri leitast við að leysa ágreiningsmál ef upp koma og styðst þá m.a. við starfsmannahandbók Akureyrarbæjar. Starfsmenn eru almennt sáttir við daglegt skipulag skólastarfsins. Boðleiðir eru stuttar en eigi að síður kom fram að starfsmenn telja að upplýsingaflæði gæti veið markvissara sem og skipulag vegna forfalla og forfallatilkynninga, en ef til vill séu of mörg samskiptaform í gangi sem mætti einfalda.

Heimasíðu skólans mætti nýta betur til kynningar á skólanum og til upplýsinga um það starf sem þar er unnið. Þar er nú að finna starfsáætlun skólaársins og ýmsar reglur sem settar hafa verið um hegðun nemenda s.s. skólareglur og viðbragðsáætlanir. Fram kom að bæði starfsfólk og nemendur hefðu komið að þróun skólareglna, nú síðast með umfjöllun um símareglur.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Í Hlíðarskóla er skólastjóri eini formlegi stjórnandinn. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og sérþekking starfsmanna mótar verkaskiptingu. Starfslýsingar liggja fyrir og skólastjóri leitast við að deila verkefnum og skipa kennslu niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar. Kynjaskipting í starfsmannahópnum er nokkuð jöfn.

Formleg og skráð starfsmannasamtöl eru ekki tekin en fundir með starfsfólki eru reglulegir og fundaáætlun liggur fyrir. Fundatíðni er mikil í skólanum bæði fundir starfsmanna og fundir með foreldrum. Fram kom að starfsmenn sakna þess að fá ekki starfsmannasamtöl þó þeir eigi jafnan greiðan aðgang að skólastjóra til að ræða einstök mál. Starfsmenn telja sig fá hrós fyrir sína vinnu.

## 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og fagmennsku með því að sækja námskeið og fundi. Mannauður skólans er vel nýttur og starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Skólastjóri er styðjandi við þá starfsmenn sem vilja sækja sér frekari menntun og leitast við að styrkja fagmennsku starfsmanna skólans.

Fram kom í rýnihópum að starfsfólk saknar þess að fá ekki meiri faglega handleiðslu og að álag sé oft mikið ef um forföll sé að ræða hjá starfsmönnum.

Heilsurækt starfsmanna er ekki skipuleg, en hluti starfsmanna fer með nemendum í íþróttir og sund. Umhverfi skólans er einnig nýtt til gönguferða og farið í fjöruferðir. Starfsmenn taka þátt í Lífshlaupinu og nefnt var að taka þyrfti upp hugleiðslu og slökun fyrir starfsmenn.

Það má velta því fyrir sér hvort nægjanlega sé gert ráð fyrir því að skólastjórum minni skóla, sé gert kleift að sinna eigin starfsþróun og hafi svigrúm til að sinna eigin heilsu.

### Styrkleikar

- Mikið samstarf við foreldra er einkennandi fyrir skólastarfið.
- Foreldrar eru jákvæðir gagnvart skólanum.
- Starfsmannahópurinn er með fjölbreytta menntun og er meðvitaður um mikilvægi faglegrar þekkingar.
- Umhverfi skólans og náttúran skapa skólanum fjölbreytt tækifæri til útivistar og útikennslu.
- Skólastjóri lítur á sig sem faglegan leiðtoga starfsmanna og stuðningsaðila í starfi þeirra.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Hlíðarskóla og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Gott samstarf er milli starfsfólks, nemenda og foreldra.
- Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjóra og starfsfólks.
- Starfsmenn eru almennt sáttir við daglegt skipulag skólastarfsins.
- Kynjaskipting í starfsmannahópnum er nokkuð jöfn.
- Mannauður skólans er vel nýttur og starfsfólki finnst það njóta trausts og fá hrós fyrir sína vinnu.

### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra skólanámskrá og birta á heimasíðu.
- Ljúka vinnu við símenntunaráætlun.
- Leita leiða til að uppfylla ákvæði laga og aðalnámskrár um samstarf skólans við foreldra í skólaráði og foreldrafélagi.
- Vinna áætlun um kynningu á skólanum og starfi hans fyrir kennara grunnskóla á Akureyri.
- Taka upp að nýju þau vinnubrögð sem lögð voru drög að með þróunarverkefninu „Flugið“.
- Upplýsingaflæði verði markvissara sem og skipulag vegna forfalla og forfallatilkyninga.
- Taka upp formleg og skráð starfsmannasamtöl.
- Efla faglega handleiðslu fyrir starfsfólk

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Hlíðarskóli er fyrir nemendur með verulegan hegðunar- og aðlögunarvanda, félags- og tilfinningaleg vandamál og fjölskyldur þeirra. Þar eru nú 20 nemendur, 18 drengir og tvær stúlkur. Skólinn er tímabundið úrræði sem tekur við þegar reynt hefur verið til þrautar að mæta þörfum nemandans í heimaskóla. Í Hlíðarskóla er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Skólastefna Akureyrarbæjar er frá árinu 2006 og er í endurskoðun en stefna Hlíðarskóla er í samræmi við stefnu Akureyrar þar sem meðal annars er lögð áhersla á að koma til móts við mismunandi þarfir og áhersla á öflugt foreldrasamstarf. Hlíðarskóli hefur á að skipa fjölskylduráðgjafa sem heldur utanum ráðgjöf og samstarf við foreldra ásamt umsjónarkennara.

Læsisstefna Akureyrar er unnin í samstarfið við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og tóku flestir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu þátt í gerð hennar. Hlíðarskóli hefur einnig gert læsisstefnu skólans en þar er lögð áhersla á mismunandi þarfir varðandi lestrarnám. Námsvísar og kennsluáætlanir eru greinargóð og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla en eru eingöngu aðgengileg inn á Mentor. Gera mætti námsvísa betur aðgengilega á vef skólans. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísu og komið er inn á lykilhæfni. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er og í henni má finna grunn vinnunnar í Hlíðarskóla. Í upphafi skólagöngu nemenda er haldinn fundur með foreldrum, nemanda, umsjónarkennara og fjölskylduráðgjafa og farið yfir markmið með veru nemandans í skólanum. Sameinast er um markmið á þremur sviðum, í námi, heilsu og félagslegri stöðu. Í áætluninni kemur fram framkvæmd vinnunnar með foreldrum og nemendum og hvaða leiðir á að fara til að ná markmiðum. Allir nemendur skólans eru með einstaklingsnámskrá sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla en í henni kemur fram aðlögun í öllum námsgreinum. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Haldnir eru markmiðsfundir með fjölskylduráðgjafa, umsjónarkennara, foreldrum og nemanda a.m.k. einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir gengi nemanda og markmið endurskoðuð. Foreldrar hitta þess utan fjölskylduráðgjafa Hlíðarskóla einu sinni í mánuði og fara yfir stöðu mála.

### 2.2. Árangur náms

Markvisst er fylgst með árangri og framförum nemenda í Hlíðarskóla. Endurgjöf til nemenda á sér stað í daglegu skólastarfi. Formlegt námsmat fer fram í gegnum hæfnikort í Mentor, en þar eru hæfniviðmið metin reglulega og eru niðurstöður birtar nemendum og foreldrum jafnóðum.

Kennarar og aðrir starfsmenn skólans rýna reglulega saman í niðurstöður námsmats til að auka árangur nemenda. Gera mætti grein fyrir matskvörðum í skólanámskrá og hafa hana aðgengilega á vef skólans.


Samræmd könnunarpróf er lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk og skólinn nýtir Lesferil til að fylgjast með lesfimi (leshraða og nákvæmni) nemenda. Kennarar rýna niðurstöður prófanna og nýta þær við gerð áætlana um nám nemenda. Vegna sérstöðu og smæðar skóla verður ekki fjallað um niðurstöður þeirra.

Skólinn nýtir markmiðsfundi einu sinni í mánuði til að kanna líðan, heilsu og námsframvindu nemenda í samráði við foreldra, umsjónarkennara og nemanda.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi í 11 kennslustundum í öllum námshópum og hjá öllum kennurum og voru allar kennslustundir metnar góðar. Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg, svo sem einstaklingsmiðað nám og sjónræn stundatafla fyrir alla nemendur. Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg í vettvangsathugunum og allir kennarar hafa á valdi sínu hugræna tilfinningalega þjálfun, CAT-Kit og TEACCH sem er skipulögð kennsla/þjálfun nemenda með sérþarfir. Fjölbreyttir kennsluhættir voru sýnilegir og voru nemendur að mestu að vinna í eigin markmiðum enda námshópar mjög aldurs- og getublandaðir. Skipulag kennslu og verkefna var gott og námstími nemenda vel nýttur.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Í fimm kennslustundum eða 45% var leiðbeinandi kennsla. Í tveimur kennslustundum eða 18% var fræðandi kennsla. Í fjórum kennslustundum var blanda af leiðbeinandi og fræðandi kennslu.



Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum sem eru aðgengileg á Mentor og í þeim er gerð grein fyrir tengslum markmiða kennslu við aðalnámsskrá. Í upphafi kennslustunda er nemendum gerð grein fyrir hvað á að gera í kennslustundinni og stundum voru nemendur með markmið sýnileg á vinnuborðum sínum. Gera mætti nemendum betur grein fyrir markmiðum stundarinnar og hæfniviðmiðum sem unnið er eftir í stundinni.


Námsmat er fjölbreytt þar sem lögð er áhersla á leiðsagnarmat, sjálfsmat og hópamat. Þá eru haldnir formlegir fundir einu sinni í mánuði með nemanda þar sem farið er yfir stöðu nemandans í námi og markmið endurskoðuð. Formlegt námsmat er skráð á Mentor þar sem notast er við skráningu í hæfnikort nemenda.

## 2.4 Skipulag náms

Nemendur í Hlíðarskóla eru 20 og var fjöldi nemenda í kennslustundum sem matsmenn sátu frá fjórum og upp í 19. Ávallt var kennari og/eða þroskaþjálfari í kennslustundum og góður aðgangur að uppeldisfulltrúum í öllum kennslustundum ef á þurfti að halda. Vegna þess hvernig námshópar eru samsettir og vegna sérstöðu skóla eru ekki hefðbundnar stundatöflur með skilgreindum námsgreinum. Erfitt er að leggja mat á hvort Hlíðarskóli uppfyllir skilyrði um hvort kennsla sé í samræmi við ákvæði viðmiðunarstundaskrár. Í skólanum er lögð mikil áhersla á félagsleg markmið og getur það stundum verið í forgangi umfram kennslu sérstakra námsgreina.

Teymiskennsla og samvinna kennara við þroskaþjálfara og uppeldisfulltrúa var áberandi í vettvangsathugunum. Kennarar bera að hluta til sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu og nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar aðstæður. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu bæði þegar tækifæri gefst en einnig sem hluti af dagskrá svo sem með klípusögum og fundum.

Kennslustundir í vettvangsathugunum eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í tveimur kennslustundum eða 18% voru nemendur í markvissri þjálfun í samvinnu. Í þremur kennslustundum eða 27% voru nemendur eingöngu að vinna í einstaklingsvinnu. Í 55% eða 6 kennslustundum voru nemendur að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra í kennslustundinni.



Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau í starfi í skólanum. Skólinn er vel tækjum búinn er varðar upplýsingatæknikennslu (UT) og er hún mikið nýtt í kennslustundum. Það reiknast sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar til dæmis upp mynd/glærum. Í vettvangsathugun nýttu nemendur upplýsingatækni í 8 kennslustundum eða 73% og kennarar nýttu upplýsingatækni í 7 kennslustundum eða í um 64%.

Foreldrar fá upplýsingar um stöðu náms og framfarir nemenda á reglulegum fundum. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir væru ánægðir með hversu þétt utanumhald væri og ört fundað um stöðu nemenda.

Hlíðarskóli er staðsettur utan við þéttbýli Akureyrar sem hefur áhrif á fjölbreytni í samstarfi við grenndarsamfélagið. Við hlið skólans er gistiheimili og hefur skólinn verið í samstarfi við eigendur þess með verklegt nám og hafa nemendur meðal annars fengið kennslu í rekstri gistiheimila svo sem hvernig búa eigi um rúm, þvo þvotta og fleira. Þá er hestaleiga einnig í nágrenninu og mikið um ferðamenn því tengdu. Að sögn starfsmanna spjalla nemendur stundum við ferðamenn og hafa lært að bera virðingu fyrir þeim ásamt því sem fylgir hestaleigu og umstangi þar um. Einnig eru tveir hundar ávallt á vappi í kringum skólann sem nemendur þekkja og var það að mati nemanda í rýnihópum einn af styrkleikum skólans „það eru nálægt hundar“.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur Hlíðarskóla sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum og þeim voru almennt ljós markmið sem sett voru fyrir í kennslustundum. Nemendum er kennt að setja sér markmið og endurskoða þau á fundum með umsjónarkennara, foreldrum og fjölskylduráðgjafa einu sinni í mánuði. Þá eru foreldrar í lykilhlutverki við að aðstoða við nemendur við að setja sér einstaklingsmarkmið heima og í skóla. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum enda fjölbreyttur hópur með mismunandi þarfir. Nemendur gerðu sér grein fyrir og nýttu sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og var það vel sýnilegt á unglíngastigi. Í einni og sömu kennslustund var nemendum tamt að fara mismunandi leiðir án athugasemda. Til dæmis hlustaði einn nemandi á sögu í símanum, annar las af spjaldtölvu og aðrir tveir lásu í lestrarbók. Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu reglulega í kennslustundum og einnig á títtnefndum mánaðarlegum fundum.

Nemendur á unglíngastigi eiga þess kost að sækja valgreinar í aðra grunnskóla á Akureyri. Einnig eiga 10. bekkingar kost á að sækja valgreinar í Verkmenntaskólann á Akureyri þar sem markmiðið er meðal annars að nemendur geti nýtt sér sérþekkingu skólans. Einnig geta nemendur fengið metið nám í sérskólum, s.s. tónlistar- og myndlistarnám og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreina. Þeir nemendur sem ekki sækja valgreinar utan Hlíðarskóla stunda nám í valgreinum innan skólans. Valgreinar eru sérsniðnar að öllum nemendum. Gæta þarf þess að nemendur fái það val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í Hlíðarskóla eru jákvæð og einkennast af virðingu. Mikil áhersla er lögð á að vinna með stuðning og samvinnu innan nemendahópsins. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á skipulag náms síns og skólastarfs og fá kennslu í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif. Ekki er til opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað almennt varðandi skólastarfið. Bekkjarfundir eru haldnir en mætti gera það markvissar í öllum námshópum.

Ekki hefur verið stofnað formlegt skólaráð í Hlíðarskóla en skólinn telur sig nýta aðrar leiðir til að uppfylla skyldur skólaráðs þar sem skólasamfélagið er lítið og mikið um tímabundna skólagöngu hjá nemendum.

### Styrkleikar

- Í Hlíðarskóla er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda.
- Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er.
- Reglulega eru haldnir fundir með foreldrum, nemendum, umsjónarkennara og fjölskylduráðgjafa þar sem farið er yfir námsmarkmið, heilsumarkmið og félagsleg markmið sem sett hafa verið.

- Markvisst er fylgst með árangri og framförum nemenda í Hlíðarskóla og námsmat fjölbreytt.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Í vettvangsathugun var mikið um leiðbeinandi kennslu og blandaðar námsathafnir.
- Teymiskennsla og samvinna kennara við þroskaþjálfu og uppeldisfulltrúa var áberandi í vettvangsathugun.
- Skólinn er vel tækjum búinn er varðar upplýsingatæknikennslu (UT) og er hún mikið nýtt í kennslustundum.
- Samstarf er um verknám við gistiheimili sem staðsett er við hlið skólans.
- Nemendur Hlíðarskóla sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- Nemendur á unglíngastigi eiga þess kost að sækja valgreinar í aðra skóla á Akureyri.
- Samskipti í Hlíðarskóla eru jákvæð og einkennast af virðingu.

#### Tækifæri til umbóta

- Hafa námsvísa betur aðgengilega á vef skólans.
- Gera mætti grein fyrir matskvörðum í skólanámskrá og hafa hana aðgengilega á vef skólans.
- Halda reglulega bekkjarfundi í öllum námshópum.
- Gæta þarf þess að nemendur fái það val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.
- Hafa skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað almennt varðandi skólalastarfið.

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Í Hlíðarskóla er ekki formlegt innra mat og skráningar eru fátæklegar á því sem gert er. Skólinn hefur á stundum tekið þátt í Skólapúlsi en það gefur takmarkaðar upplýsingar þar sem skólinn er fámennur og nemendaskipti ör. Þá hafa verið gerðar starfsmannakannanir en lítið er til um þær eða hvernig niðurstöður hafa verið nýttar. Skólastjóri er meðvitaður um mikilvægi þess að innra mat sé unnið skipulega en telur sig ekki hafa haft tíma til að halda utanum það. Ekki hefur verið skipað matsteymi.

Markmiðasetning og mat fer fram með nemendum a.m.k. mánaðarlega. Þá er fundur foreldra, nemanda, fjölskylduráðgjafa og umsjónarkennara, þar sem farið er yfir hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum sem sett voru og ný markmið sett fyrir næsta mánuð um heilsu s.s. svefn og hreyfingu, félagsleg markmið s.s. um hegðun, áhugamál, tölvunotkun o.fl. og námsmarkmið í skóla og heima. Einstaklingsnámskrá nemandans er höfð til hliðsjónar og markmið og árangur skráð. Mat á fagmennsku kennara er óformlegt en viðvarandi þar sem kennarar vinna í teymum og starfsfólk fundar reglulega þar sem starfið er ígrundað.

### 3.2 Framkvæmd

Engin innramatsáætlun er fyrir hendi. Á starfsdegi sl. haust lögðu starfshópar kennara drög að sjálfsmatsáætlun og símenntunaráætlun. Vegna ytri aðstæðna var þeim ekki lokið.

Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana við skipulag kennslu og þjálfunar nemenda.

### 3.3 Umbætur

Engar umbótaáætlanir liggja fyrir nema þær sem snúa að einstaka nemendum og þeim markmiðum sem þeir setja sér í samvinnu við skólann og foreldra, en þeim er kerfisbundið fylgt eftir.

#### Styrkleikar

- Í skólanum er þekking og reynsla af fjölþættu mati á innra starfi.
- Nemendur setja sér markmið í samvinnu við foreldra, fjölskylduráðgjafa og umsjónarkennara.
- Félagslega markmið nemenda, heilsumarkmið og námsmarkmið eru metin reglulega.

#### Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matsteymi vegna innra mats og tryggja aðkomu hagsmunaaðila skólastarfsins t.d. með fulltrúa í matsteymi.
- Vinna þarf sjálfsmatsáætlun til næstu ára og birta í skólanámskrá.
- Meta þarf markmið skólanámskrár og leiðir að markmiðum.
- Vinna áætlun um innra mat fyrir skólaárið og birta í starfsáætlun skólans.
- Vinna árlega umbótaáætlanir þar sem fram koma þau atriði sem þarfnast umbóta, hvenær á að vinna að þeim umbótum, hver ber ábyrgð á vinnunni og að hvaða árangri er stefnt. Þá þarf að tilgreina hvenær á að meta árangur umbóta og hver á að gera það.